

LEIÐBEININGAR

AFSTEMMINGAR LAUNA OG UPPHAF NÝS ÁRS

1. Staðgreiðsluupplýsingar 2020
2. Launamiðaskil
3. Afstemmingar

STAÐGREIÐSLUSKIL ÁRSINS 2020

Skrá þarf staðgreiðsluforsendur ársins 2020 í stofngögn launakerfis fyrir fyrstu útborgun ársins.

- Veljið „Uppsetning“ í deildavalmynd launakerfis og þar „Stofngögn“.
- Veljið síðan liðinn „Staðgreiðsla“ á aðgerðaborða efst á valmynd (Undir „Heim“).
- Stofnið nýja línu með því að velja „Nýtt“ (Ctrl-N) og fyllið inn í hana með eftirfarandi upplýsingum sem eru skv. upplýsingum frá RSK:

(Nánar hér: <https://www.rsk.is/einstaklingar/stadgreidsla/stadgreidsla/2020/#tab2>)

Gildir frá	01.01.2020
Skatt%	35,04
Skatt% barna	6
Frítekjumark barna	180.000
Nýting makakorts %	100
Tryggingargjald sjómanna	7
Tryggingargjalds %	6,35
Þak opinberra gjalda %	75
Persónuafsláttur ár	655.538
Persónuafsláttur mánuður	54.628
Persónuafsláttur hálfur mánuður	27.314
Persónuafsláttur fjórtán dagar	25.075
Persónuafsláttur vika	12.538
Hámarks skattaafsl. v/líf.sjóðs	8
Hlutfall launat. gjalda vegna orlofsskuldbindinga Betra að sleppa og velja „skv. launaútreikningi“ í stofngögnum launakerfis	
Skattaþrep 2 – upphæð	336.917
Skattaþrep 2 – hækkun hlutfalls	2,15
Skattaþrep 3 – upphæð	945.874
Skattaþrep 3 – hækkun hlutfalls	9,05

Farið vel yfir útreikning launa og skilagreinar lífeyrissjóða í fyrstu útborgun ársins 2020 áður en laun eru greidd út og gangið úr skugga um að laun og launatengd gjöld í útborguninni séu rétt.

Launamiðar

Skila þarf launamiðum á rafrænu formi fyrir 20. janúar 2020.

Mikilvægt er að stemma launabókhaldið vel af áður en launamiðar eru sendir til RSK. Vinnsla launamiða er undir „Tímabilsaðgerðir“ í valmynd.

Helstu atriði eru:


1. Afstemming launakerfis við fjárhag.
Heildarafstemming á samtölum launagreiðslna og launamiða gagnvart fjárhagsbókhaldi. Hér er t.d. hægt að nota „ Afstemmingarlista“, sýna bókunarupplýsingar og velja allt árið 2019 sem tímabil. Samtölublað launamiða til samanburðar.
2. Afstemming launamiða - reitur 02 og reitur 70.
Kanna hvort hlunnindi sem ekki eiga að reiknast með hefðbundnum launum séu rétt merkt. (Ath. merkja þarf launalið sérstaklega ef hann á ekki að fara í reit 02).
3. Bifreiðastyrkir og dagpeningar.
Kanna hvort reitanúmer eru rétt (16,73 og 17,74) eftir því hvort um er að ræða staðgreiðsluskyldar greiðslur eða ekki.
4. Reitanúmer sérstakra greiðslna svo sem samgöngustyrks, íþróttastyrks ofl. Sjáið rétt reitanúmer í orðsendingu RSK: https://www.rsk.is/media/2019/rsk_0601_4_2019.is.pdf
5. Lífeyrissjóðir. Gæta þarf þess að lífeyrissjóður hafi rétt RSK númer, rétta kennitölu og að merking séreignasjóða sé rétt. Á þjónustusíðu RSK eru listar með þessum upplýsingum.
6. Þegar launamiðar eru tilbúnir eru þeir sendir RSK með XML skeyti beint úr launakerfi. Að lokinni sendingu er rétt að skoða senda miða á þjónustuvef RSK.
7. RSK sendi orðsendingu með leiðbeiningum um launamiðaskil. Sjálfsagt er að hafa hana til hliðsjónar við skilin. https://www.rsk.is/media/2019/rsk_0601_3_2019.is.pdf

Hafið samband við þjónustuborð í síma: 545 3232, hjalp@wise.is til þess að fá frekari aðstoð eða upplýsingar.

Afstemming launabókhalds

1. Afstemming launa við fjárhag.

Þegar laun eru stemmd af við fjárhag er Afstemmingarlisti gott hjálpartæki. Þetta er sama skýrsla og margir skoða við hverja útborgun en nú er allt árið valið sem afmörkun gagna en ekki ákveðin útborgun. Athugið að merkja við að „Sýna bókunarpplýsingar“ í valkostum skýrslunnar.



Þessi skýrsla gefur heildartölur á alla launa og kröfufliði. Einnig gefur hún heildartölur yfir bókanir á bókhaldslykla úr launakerfinu. Afstemming rekstrarlykla við skýrsluna er sjálfsgæður hluti afstemminga og ef launabókhaldinu ber ekki saman við fjárhagsbókhaldið verður að leita skýringa á því.

Þarna á heildarlaunatalan að passa við þann eða þá bókhaldslykla sem fram koma í afstemmingarlistanum. Uppsetning sem bókar launagreiðslur og hlunnindi inn á sama bókhaldslykilinn er óþægileg þegar kemur að afstemmingum og því ekki hægt að mæla með slíku. Best er að stýra hefðbundnum launum á sér lykil eða lykla þannig að alls ekki sé blandað saman í fjárhagsbókhaldi liðum sem bera tryggingargjald og þeim sem gera það ekki.

Sjálfsgagt er að bera tölurnar einnig saman við samtölublað launamiða. Hægt er að prenta það sérstaklega án þess að prenta alla launamiða ársins.

RSK 2.01 - LAUNAMIÐI 2020 - LAUNAGREIÐSLUR 2019				20. desember 2019
WiseDemo		Samtölublað		Fjöldi launamiða: 6
Reitur	Lýsing á launamiðareit	Upphæð/gildi	Reitur á framtali	Lýsing á framtalsreit
02	Laun	3.083.758	21	Launatekjur og starfst. greiðslur
03	Greiðsla í lífeyrissjóð (4%)	123.351	162	Iðgjald til frádráttar
12	Vinnuvikur	24		
16	Ökutækjastyrkur	40.000	22	Ökutækjastyrkur
63	Greiðsla í séreignalífeyrissjóð (4%)	108.123	160	Viðbótariðgjald til frádráttar
70	Samtals skattskyld laun	3.083.758		
71	Afdregin staðgreiðsla	743.174	296	Staðgreiðsla af tekjum
73	Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu	40.000		

- Þegar launatölurnar hafa verið stemmdar af er gott að stemma einnig af áfallið orlof. Í „Tímabilsaðgerðum“ er valkosturinn „Uppfæra orlofsskuldbindingu“. Samtala þeirrar skýrslu á að stemma algerlega við stöðu á bókhaldslyklinum (efnahagsliðnum) „Áfallin orlofsskuldbinding“.
- Það er góð hugmynd að nota áramótin til þess að fara yfir fleiri liði í notkun launakerfisins en orlofstíma, svo sem fjarvistarskráningar, starfsferilsupplýsingar og upplýsingavinnslu úr kerfinu almennt.